

Stjórnskipunin - Hlutverk forsetans

Þegar Ísland lýsti yfir lýðveldisstofnun 1944, í skugga styrjaldar var það ekki einhuga vilji landsmanna. Stjórnarskráin enda ber þess merki að um hraðsuðu var að ræða. Í 1.gr stjórnarskrárinnar segir:

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn, en svo versnar í því. Strax í 2. grein eru menn komnir í vandræði með hlutverk forsetans. Danir hafa þingbundið konungsveldi og það hygg ég skýri þessa útfærslu með forsetann og forsætisráðherra. **Í lýðveldi er engin þörf fyrir forsætisráðherra.**

Að þessu sögðu, geri ég tillögu um að forsetinn verði látinn taka við hlutverki forsætisráðherrans og hann myndi ríkisstjórn og velji menn til ráðherrastarfa. Hvorki forseti né ráðherrar eigi sæti á Alþingi. Með þessari breytingu tryggjum við aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds.

Samhliða breytingum á hlutverki forsetaembættisins þá verður nýðsynlegt að gera breytingar á skipan Alþingis. Til að minnka vægi stjórnsmálaflokka og koma til móts við kröfu um persónukosningar, dettur mér í hug að kosningar til Alþingis fari fram í tvennu lagi. Fjórða hvert ár, um leið og forseti er kosinn, þá verði 25 alþingismenn kosnir persónukosningu. Þessir alþingismenn verði þjóðkosnir og óháðir. 2 árum seinna, um leið og sveitarstjórnarkosningar þá fari fram kosning 35 manna til Alþingis. Þessi kosning fari fram samkvæmt reglum flokkanna sjálfra um kjördæmaskipun og kosningar. Með því að kjósa í tvennu lagi til Alþingis, þá er tryggt að alltaf er til staðar lágmarksreynsla á þingi til að tryggja eðlilegt þinghald. Þingið starfi samt í einni málstofu eins og nú.

Undir nýgildandi stjórnarskra, þá hefur viðtekin venja um stjórnarmyndanir, búið til svokallað oddvitaræði sem er óskilgreint vald og án skírskotunar í lögum varðandi ráðherraábyrgð. Á þessu er tekið með breytingu á forsetaembættinu. Eins og stjórnskipunin er núna þá er forsetaembættið, silkihúfa sem skapar bæði árekstra og óþarfa kostnað fyrir fátæka þjóð. Á fjárlögum fyrir árið 2011 er forsetanum ætlaðar 175 milljónir bara í rekstur. Laun og launatengd gjöld auk lífeyrisskuldbindinga nema örugglega 50 milljónum. Þetta er óþarfa kostnaður.

Alþingi – Þingrof - Þjóðaratkvæðagreiðslur

Með nýrri endurskoðaðri stjórnarskrá mun Alþingi endurheimta vald og virðingu.

Alþingi

- i. Alþingi sitji allt árið.
- ii. Ekkert má hér framkvæma af ríkisstjórn nema lög leifi
- iii. Lög öðlist gildi við afgreiðslu Alþingis.
- iv. Heimild til útgáfu bráðabirgðalaga verði afnumin

Þingrof

Þar sem ríkisstjórnin verður ekki lengur kosin af þjóðinni þá verður að afnema vald forsetans til að rjúfa þing. Þetta gerir að verkum að stjórn málin verða að breytast. Umræður og sættir um umdeild mál verður viðfangsefni þingsins. Forsetinn getur samt beðist lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt.

Þjóðaratkvæðagreiðslur - 50-50

50-50 vísar til reglunnar um 50% þátttöku og meirihluti ræður. Ef þátttaka nær ekki 50% miðað við kjörskrá þá verður að endurtaka kosninguna. Ef ekki næst löggild niðurstaða í annað sinn, þá sé málinu vísað aftur til Alþingis og ríkisstjórnar sem sameiginlega úrskurði um hvernig með skuli fara. Varamenn skuli við þær aðstæður taka sæti á Alþingi við þessa afgreiðslu.

- i Til að tryggja lágmarkskostnað vegna fjölda mála sem vísað verður í þjóðaratkvæðagreiðslu, þá fari þjóðaratkvæðagreiðslur fram samtímis kosningum til Alþingis, þ.e. annað hvert ár.
- ii Skilyrði fyrir að vísa þingmálum til þjóðarinnar verði:
 - a) Ákveðinn fjöldi alþingismanna getur farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál
 - b) Ákveðinn hluti þjóðarinnar getur krafist þjóðaratkvæðis um frumvarp sem er tilbúið í þinginu og skal þá atkvæðagreiðslu um það frumvarp ekki fara fram

Ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli þings og ríkisstjórnar eða ríkisstjórnar og þjóðar þá má krefjast tafarlausrar þjóðaratkvæðagreiðslu

undir þetta ákvæði fellur líka fordæmislausir gerningar sem koma til kasta Alþingis. T.d Icesave og umsóknin um aðild að ESB

Dómsvald

Dómstólar fara með dómsvald.

1. Dómstigin verði 3 og þar að auki verði komið á fót sjálfstæðum dómstól, Stjórnsýsludómstól
 - i. 1. Dómstig verður sektar og dómssáttardómstóll (ekki hægt að áfrýja)
 - ii. 2. Dómstig verður Undirréttur (sama og héraðsdómur í dag. Hægt að áfrýja)
 - iii. 3. Dómstig verður svo Yfirréttur (sama og Hæstiréttur en hægt að áfrýja til yfirþjóðlegs dómstóls)

Stjórnsýsludómstóll tekur yfir hlutverk umboðsmanns Alþingis og Landsdóms. Ákærandi fyrir stjórnsýsludómstóli verður kosinn af Alþingi. Allir eiga rétt á að skjóta ágreiningi gagnvart stjórnvaldsúrskurðum embættismanna og ráðherra til stjórnsýsluákærandans, sem rannsakar og tekur ákvörðun um málsmeðferð. (ákæra eða sátt eða áminning)

- Allir þegar eru jafnir fyrir lögum.
- Alþingismenn verði ekki friðhelgir
- Almennar vanhæfisreglur gilda um alla

2. Val á dómurum

Kosið verði sérstakt fagráð af Alþingi og Háskóla akademíunni, sem ræður dómara.

Fagráðið skal skipað 20 mönnum, jafnt konum og körlum. Alþingi kjósi 10 og 5 til vara

Háskólaakademían tilnefni 10 og 5 til vara. Fulltrúar hafi háskólamenntun. Séð verði til þess að flestar greinar eigi sinn fulltrúa í Fagráðinu. Formaður Fagráðs verði alltaf Forseti Lagadeildar Háskóla Íslands

Til að tryggja hér betur hlutlæga meðferð dómstóla í þessu þjóðfélagi frændhygli vina og félagatengsla, þá skal fullgilda aðild Íslands að sem flestum yfirþjólegum dómstólum. Sem dæmi ; Alþjóðadómstólinn Mannréttindadómstólinn og Stríðsdómstólinn. Stjórnvald skuldbindi sig til að framfylgja úrskurðum þessara dómstóla skilyrðislaust.

Almennt um Stjórnarskrána

Almennt um hæfi

Eins og nú háttar málum er enginn óháður aðili sem leggur mat á hæfi alþingismanna, ráðherra og pólitískt ráðinna aðstoðarmanna. Eiðstafur tilvonandi alþingismanna er látinn duga, aðrir eru ráðnir út á kunningskap eða í greiðaskyni. Nauðsynlegt er að um allar ráðningar gildi ákveðið ferli. Í kjölfar hrunsins hafa brotalamirnar í stjórnslunni komið betur og betur í ljós. Margir þykjast sjá dæmi um siðblinda embættismenn og stjórnálamenn sem vaða hér upp út um allt. Einfalt hæfnispróf sem myndi afhjúpa siðblindu og aðra óæskilega persónleikaraskanir virðist vanta sem tæki til að velja hæft fólk til starfa. Hvort setja þurfi sérstakt ákvæði í stjórnarskrána er álitamál en þetta þarfnast umræðu.

Ríkistrú

Í núgildandi stjórnarskrá, nánar til tekið 6. Kafli, er ákvæði um að hin EVANGELÍSKA LÚTERSKA KIRKJA SKULI VERA ÞJÓÐKIRKJA á Íslandi. Þetta mundi í dag falla undir trúarbragðamismunun og mannréttindabrot. Nauðsynlegt er að fella 6. Kafli á brott í heilu lagi. Hér verður að fara fram lögskilnaður ríkis og kirkju.

Réttindi og skyldur þegnanna

Árétt þarf rétt þegnanna til fulls tjáningarfrelsis óskoraðs mótmælafrelsis og óskoraða atvinnufrelsis. Kafli um mannréttindi er mjög ófullkominn í núgildandi stjórnarskrá. Þar þarf að skerpa á ákvæðum um eignarrétt ríkis og þegna, hvenær réttlæt看legt sé að beita eignaupptöku og svo framvegis. Einnig þarf að takmarka rétt manna til að stofna og vera í félögum sem beinlínis ógna almannu öryggi, eins og ýmis mótörhólasamtök og félög eða samtök sem hafa kynþáttaofsóknir á stefnuskrá. Og svo vantar algerlega að fjalla um skyldur þegnanna. Skyldur til að hlýða reglum samfélagsins og virða annarra réttindi. Heimilt skuli að svipta þá menn og konur, ríkisfangi, sem brjóta gegn þjóðfélaginu. Árétt þarf hvað felst í trúfelsi. (margir halda að aðskilnaður ríkis og kirkju þýði að guðspjónustur og prestverk í kirkjum landsins falli niður) Bannað verði að hengja orður á þjófa og ræningja

Landráð

Landráðakafli hegningarlaganna verði felldur inní stjórnarskrána

Valdaafsal

Bannað verði að gera hvern þann samning við erlent ríki eða ríkjabandalag sem hefur í för með sér skerðingu á sjálfstæði þegnanna og rétti þeirra til að ráða eigin málum.

Lokaorð

Nú er lokið þessum skrifum um Stjórnlagabingið og stjórnarskrár uppkastið að sinni.

Öllum frambjóðendum er frjálst að nýta sér þær hugmyndir sem ég hef reyfað, að hluta eða í heild.

En ég legg á það þunga áherslu að Stjórnarskrárdrögin verði afdráttarlaus yfirlýsing um sáttmála

þjóðarinnar um hvernig hún vill lifa saman í þessu landi. Þetta er algjört grundvallaratriði.

Það munu koma fram óskir um að fella allskonar áhugamál (umhverfis og friðarsinnar) og hjartans mál

(femínistar)og þjóðþrifamál(eignarrétt á auðlindum) inní stjórnarskrána , jafnvel réttlætismál (réttindi

honna og lesbía)en þá kemur til kasta þingsins að standa á bremsunni og missa ekki sjónar á

takmarkinu.

- **Stjórnarskráin má ekki vekja deilur. Stjórnarskráin er sáttmáli um grundvallarréttindi og skyldur. Ekkert annað**